



16. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands fimmtudaginn 9. desember 2021 kl. 12 í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Guðmundur Jónsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Svanhildur Bogadóttir. Gunnar Gíslason mætti ekki. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður og Njörður Sigurðsson svíðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir starfsemi Þjóðskjalasafns
2. Innviðaverkefni Þjóðskjalasafns
3. Húsnæðismál
4. Drög að starfsáætlun / áhersluverkefni 2022
5. Fjármál (rekstraráætlun 2022, útgönguspá 2021, ársreikningur 2020)
6. Eftirlitsskýrslur Þjóðskjalasafns 2021
7. Reglusetning, gjaldskrá, námskeið og ráðstefnur
8. Útgáfa (Lénið Ísland, Landsnefndin, Yfирrétturinn)
9. 140 ára afmæli Þjóðskjalasafns
10. Stefnumótunarvinna (tæknistefna, mannauðsstefna, stefna ÞÍ)
11. Umhverfisvottun ISO 14001
12. Skoðunarferð í Höfðabakka 7

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Yfirlit yfir starfsemi Þjóðskjalasafns.

Þjóðskjalavörður fór yfir nokkra þætti í starfsemi Þjóðskjalasafns frá síðasta fundi. Samkomutakmarkanir vegna útbreiðslu covid-19 hafa sett mark sitt á starfsemi Þjóðskjalasafns á þessu ári eins og því síðasta en starfsemi safnsins hefur þó ekki raskast á árinu þrátt fyrir ýmsar takmarkanir. Safnið hlaut umhverfisvottun í sumar og var forvörluverkstæði safnsins flutt úr húsi 4 í hús 1 á haustmánuðum. Þá var tekið í notkun nýtt rafrænt viðtökuverkstæði í nóvember. Flutningur úr þremur geymslugum safnsins í nýtt leiguhúsnæði að Höfðabakka 7 hófst í lok sumars og mun ljúka í þessum mánuði. Unnið hefur verið að því að setja inn ný hugtök inn í Orðabelg sem er sögulegt hugtakasafn Þjóðskjalasafns Íslands. Unnið hefur verið að frumathugun á húsnæðismálum safnsins á árinu. Einnig hefur farið fram allnokkur vinna við stefnumótun safnsins en áætlað er að ný stefna taki gildi á næsta ári og gildi í fimm ár.

Til máls tók Hrefna Róbertsdóttir.



2. Innviðaverkefni Þjóðskjalasafns.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, gerði grein fyrir niðurstöðum á greiningu á rafrænum innviðum Þjóðskjalasafns sem unnin var 2020-2021. Greiningin leiddi í ljós að nauðsynlegt er að styrkja rafræna innviði Þjóðskjalasafns, s.s. með fjárfestingu í nýjum tæknilegum innviðum, huga að breytingum á skipulagi Þjóðskjalasafns og breyta nálgun við langtíma varðveislu gagna. Þjóðskjalasafn hefur lagt til að ráðist verði í þrjú verkefni til að styrkja Þjóðskjalasafn í sínum verkefnum og stuðla að stafrænni umbreytingu starfseminnar, þ.e. fjárfesta í nýrri tæknilausn og gera ferla Þjóðskjalasafns stafrænni, skönnun pappírskjala eða skönnunarver og miðlun gagna. Staða þessa máls er sú að unnið hefur verið að framgangi þess og að tryggja fjárveitingar. Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er sérstök áhersla lögð að rafræna skjalavörslu og miðlun þjóðararfins á stafrænan hátt.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hrefna Róbertsdóttir og Anna Agnarsdóttir.

3. Húsnæðismál.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir stöðu húsnæðismála Þjóðskjalasafns. Á haustmánuðum lauk flutningi á forvörluverkstæði safnsins úr húsi 4 yfir í hús 2 og eru þá allt starfsfólk safnsins undir sama þaki. Í lok sumar hófust flutningar á pappírskjölum úr þremur geymslum safnsins í nýtt varðveisluhús á Höfðabakka 7. Stefnt er að því að flutningi ljúki nú í desember en flutt eru um 1.200 vörubretti af skjölum. Þá hefur verið unnið að frumathugun á húsnæði Þjóðskjalasafns til framtíðar, þ.m.t. nýjar höfuðstöðvar og varðveisluhús. Greining á húsnæðismálum safnsins hefur verið skoðuð með hliðsjón af húsnæðisstefnu ríkisins þar sem gert er ráð fyrir færri fermetrum undir skjalageymslur í stofnunum og innviðaverkefni Þjóðskjalasafns þar sem m.a. er gert ráð fyrir aukinni varðveislu rafrænna gagna og minni varðveislu pappírskjala.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Guðmundur Jónsson og Anna Agnarsdóttir.

4. Drög að starfsáætlun / áhersluverkefni 2022.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, fór yfir helstu áhersluverkefni ársins 2022. Meðal áhersluverkefna árið 2022 er setning nýrrar stefnu fyrir Þjóðskjalasafn, átaksverkefni í skráningu skjalasafna á vörubrettum sem hefst í byrjun árs, útgáfa á bókum um Yfирréttinn og Landsnefndina, setning reglna um eyðingu fjárhagsbókhalds auk þátttöku starfsfólk í Norrænu skjaladögum sem verða í Stokkhólmi í september og Söguþingi í maí. Þá munu tilteknir þættir í innviðaverkefni Þjóðskjalasafns fara af stað á árinu en ekki er enn að fullu ljóst hvernig því verður hátt að þar sem fjárlög hafa ekki enn verið afgreidd.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Guðmundur Jónsson.



5. Fjármál (rekstraráætlun 2022, útgönguspá 2021, ársreikningur 2020).

Þjóðskjalavörður fór yfir rekstraryfirlit safnsins frá janúar og út október á þessu ári. Gjöld eru 4,5 m.kr. umfram tekjur en ekki er búið að bóka framlag fyrir húsaleigu vegna Höfðabakka 7 upp á 6,4 m.kr. Launakostnaður er umfram áætlun ásamt sérfræðiþjónustu, prentun og greiddri húsaleiga en á móti kemur að sértekjur eru hærri en áætlað var.

Ársreikningur ársins 2020 var samþykktur í september síðastliðnum. Afkoma Þjóðskjalasafns í heild neikvæð um 14,7 m.kr. á árinu 2020. Rekstrargjöld ársins námu 536,2 m.kr. og afskriftir kr. 11,2 m.kr. Þar af voru tilfærslur, þ.e. greiðslur til héraðsskjalasafna, 30,5 m.kr. Tekjur vegna seldrar þjónustu námu 50,6 m.kr. Neikvæð afkoma í árslok er vegna endurbóta á lestrarsal og framkvæmda á lóð við Ásholt 2.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson og Gunnar Örn Hannesson.

6. Eftirlitsskýrslur Þjóðskjalasafns 2021

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns, sagði frá úttektum á skjalavörslu og skjalastjórn á árinu og útgáfu á eftirlitsskýrslum með niðurstöðum úttektanna. Gerðar voru úttektir á skjalageymslur afhendingarskyldra aðila ríkisins, skjalavörslu og skjalastjórn hjá prestaköllum og skjalahaldi hjá sveitarstjórnarskrifstofum sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafns. Helstu niðurstöður eru að pappírsumfang hefur aukist gífurlega og innleiðing rafrænnar skjalavörslu gengur hægt.

Til máls tók Njörður Sigurðsson, Svanhildur Bogadóttir, Guðmundur Jónsson, Anna Agnarsdóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

7. Reglusetning, gjaldskrá, námskeið og ráðstefnur

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns, gerði grein fyrir stöðu á setningu reglna safnsins. Reglur um eyðingu prófúrlausna og metinna námsmatsgagna voru samþykktar af ráðherra í júlí. Drög að reglum um varðveislu og eyðing fjárhagsbókhalds hefur verið í umsagnarferli hjá Fjársýslunni og Sambandi íslenskra sveitarfélag. Stefnt er að því að setja þær í opíð umsagnarferli í byrjun næsta árs og þær taki gildi að því loknu. Gjaldskrá Þjóðskjalasafns tók gildi 1. desember sl. Í henni er kveðið á um gjald tiltekna þjónustu safnsins, t.d. fyrir ljósritun og afritun gagna úr safinkosti, fyrir varðveislu pappírskjala sem eru yngri en 30 ára gömul og fyrir varðveislu skjala sveitarfélaga. Þjóðskjalasafn hefur haldið fimm námskeið um skjalavörslu og skjalastjórn nú á haustmisseri og hafa að meðaltali um 40-50 manns sótt hvert námskeið. Námskeiðin eru kennd í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams. Árleg vorráðstefna Þjóðskjalasafns fór fram þann 12. nóvember síðastliðinn á Icelandair hótel Reykjavík Natura. Upphaflega stóð til að ráðstefnan yrði haldin síðastliðið vor en henni var frestað vegna sóttvarnarráðstafana. Yfirschrift ráðstefnunnar var



„Stafræn umbreyting stjórnsýlunnar. Staða og framtíð“. Flutt voru fjögur erindi af fulltrúum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Tryggingastofnun ríkisins auk Þjóðskjalasafns Íslands. Um 150 manns sóttu ráðstefnuna en stór hluti fylgdist með í gegnum streymi.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Anna Agnarsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

8. Útgáfa (Lénið Ísland, Landsnefndin, Yfirrétturinn)

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir útgáfu ársins. Bókin Lénið Ísland, eftir Kristjönu Kristinsdóttur, fagstjóra í Þjóðskjalasafni, kom út í október. Annað bindi af Yfirréttinum kemur út nú í desember en stefnt er að útgáfuhófi í febrúar næstkomandi. Þriðja bindi yfirréttarins er í fullri vinnslu og kemur út í október á næsta ári. Þá kemur síðasta bindið af Landsnefndinni út á vordögum, en verður af því tilefni ráðstefna í Þjóðskjalasafni í samstarfi við Ríkisskjallasafn Danmerkur og Sögufélag á næsta ári.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir og Anna Agnarsdóttir.

9. 140 ára afmæli Þjóðskjalasafns

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir undirbúningi að því hvernig 140 ára afmælis Þjóðskjalasafns verður minnst á næsta ári. Stefnt er að því að hafa viðburði alla eða flesta mánuði ársins. Má þarf nefna sýningu, ráðstefnur, afmælishátið 3. apríl, útgáfu afmælisrits um stjórnsýsluverkefni safnsins, stofnun hollvinasamtaka og skil á skjölum þýska konsúlsins til Þýskalands.

Guðmundur Jónsson færði þjóðskjalaverði bókina *Trace Your Family History* og minnti á mikilvægi þess að Þjóðskjalasafn gerði leiðarvísi fyrir almenning um rannsóknir á fjölskyldusögu sinni. Slíkt gæti verið hluti af útgáfu á afmælisárinu.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Gunnar Örn Hannesson.

10. Stefnumótunarvinna (tæknistefna, mannauðsstefna, stefna ÞÍ)

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns, gerði grein fyrir stefnumótunarvinnu sem fram hefur farið í Þjóðskjalasafni undanfarið. Vinnustofa var með öllu starfsfólki um stefnu og áherslur safnsins næstu árin. Unnið var að gildum safnsins og kosið um hver þau skyldu vera. KPMG var fengið til að vinna tæknistefnu Þjóðskjalasafns þar sem lögð er áhersla á stafræna umbreytingu safnsins. Þá liggur mannauðsstefna Þjóðskjalasafns fyrir í drögum og er stefnt að því að ljúka henni í byrjun næsta árs.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Anna Agnarsdóttir.



11. Umhverfisvottun ISO 14001

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir því að Þjóðskjalasafn hefði hlotið umhverfisvottun í júní sl. skv. alþjóðlega staðlinum ISO 14001. Staðalinn nær yfir stefnumótun, markmiðasetningu, framkvæmd og eftirlit allra umhverfispáttu Þjóðskjalasafns. Í staðlinum er gerð krafa um að áætlunum og verklagsreglum í umhverfismálum sé fylgt og að skráning og vistun upplýsinga uppfylli skilyrði. Umhverfissstjórnun er lykilatriði í nútíma rekstri og samkvæmt henni setur Þjóðskjalasafn sér stefnu, mælanleg markmið og aðgerðaáætlun til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfsemi sinnar og jafnframt auka jákvæð áhrif.

Til máls tók Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

12. Skoðunarferð í Höfðabakka 7

Í lok fundarins var haldið í skoðunarferð í nýja fjargeymslu Þjóðskjalasafns á Höfðabakka 7, fyrir þá sem höfðu tök á að koma.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.

Anna Agnarsdóttir (sign)

Guðmundur Jónsson (sign)

Jóhanna Gunnlaugsdóttir (sign)

Gunnar Örn Hannesson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)